

Klaufar og kóngsdætur



Kóddamaðurinn



Edith Piaf



STÓRA SVIÐIÐ KL. 20:00 Klaufar og kóngsdætur mið. 31/8 kl. 20:00 uppselt, sun. 4/9 kl. 14:00, sun. 18/9 kl. 14:00, sun. 25/9 kl. 14:00.
Edith Piaf fös. 2/9, lau.3/9, sun. 18/9, fim. 22/9, fös. 23/9, lau. 24/9.
Kirsuberjagarðurinn – gestasýning fim. 8/9, fös. 9/9. **Að eilifu – gestasýning** lau. 10/9, sun. 11/9. **SMÍÐAVERKSTÆÐIÐ KL. 20:00**
Rambó 7 fös. 2/9, lau. 3/9, fös. 11/9, lau. 12/9. **LITLA SVIÐIÐ KL. 20:00**
Kóddamaðurinn fim. 8/9, fös. 9/9, lau. 10/9, sun. 11/9.

Miðasalan er opin kl. 13:00-18:00 mánudaga og þriðjudaga. Aðra daga kl.13:00- 20:00. **Símipantanir** frá kl. 10:00 virka daga. midasala@leikhusid.is. Sími 551-1200

www.leikhusid.is

ÁSKRIFTAR KORT

GÓÐA SKEMMTUN Í ALLAN VETUR

FJÓRAR LEIKSÝNINGAR Á 6.900 KR.

4 600 200 / WWW.LEIKFELAG.IS

LEIKFÉLAG AKUREYRAR

Singléikur eftir Thomas MEEHAN, Charles STROUSE & Martin CHARNIN

Annie

í Austurbæ

11. sýn. fim. 1/9 kl. 19 **nokkur sæti laus**
 12. sýn. sun. 4/9 kl. 16 **nokkur sæti laus**
 13. sýn. fim. 8/9 kl. 19 **sæti laus**

midi.is
551 4700 & 551 0200

Leikhópurinn Á senunni í samstarfi við SPRON

Kabarett

í Íslensku óperunni

Næstu sýningar

Föstudaginn 2. september kl. 20
 Laugardaginn 3. september kl. 20
 Föstudaginn 9. september kl. 20
 Laugardaginn 10. september kl. 20

Miðar í síma 511 4200, og á www.kabarett.is

Níunda starfsár

Vox academica

FRAMUNDAN er níunda starfsár kammerkórsins Vox academica. Í kórnum eru 30 manns og hefur kórinn undanfarnin ár haldið um 3-4 tónleika á ári, m.a. jólatónleika, eina óratoríu og eina acappella tónleika. Kórinn var stofnaður 1996 af Hákonni Leifssyni og hefur lengstaf verið undir hans stjórn.

Það verkefni komandi vetrar sem hvað hæst ber er flutningur Sálumessu W.A. Mozarts sem flutt verður í lok apríl en verkefnið er það víðamesta sem kórinn hefur ráðist í til þessa. Einnig hyggur kórinn á tónleikaferð til Færeyja næsta vor. Þá er kórinn að leggja lokahönd á upptöku jólagadisks.

Kórinn getur bætt við sig félögum í allar raddir en í tilkynningu segir að æskilegt sé að umsækjendur hafi þónokkra reynslu af söng og/eða kórsöng. Æfingar eru á þriðjudagskvöldum og fyrsta laugardag hvers mánaðar og geta áhugasamir haft samband við Hákon Leifsson í tölvupóstfanginu hakon@vortex.is.

BORGARLEIKHÚSIÐ
Leikfélag Reykjavíkur

ENDURNÝJUN ÁSKRIFTARKORTA HAFIN

Stóra svið
KALLI Á ÞAKINU e. Astrid Lindgren í samstarfi við Á þakinu
 Lau 3/9 kl 14,
 Su 4/9 kl 14,
 Su 11/9 kl 14,
 Su 18/9 kl 14,
EYJÓLFUR KRISTJÁNSSON
 Stórtónleikar
 Fö 2/9 kl 20 - **UPPSELT**
 Fö 2/9 kl 22:30 - **UPPSELT**

Nýja svið / Litla svið
ALVEG BRILLJANT SKILNAÐUR
 Lau 3/9 kl 20, Fi 8/9 kl. 20,
 Fö 9/9 kl 20, Lau 10/9 kl 20,
 Su 11/9 kl 20 - **UPPSELT**, Fi 15/9 kl. 20

REYKJAVÍK DANCE FESTIVAL
 Nútímadanshátíð 1.-4. September
 Fi 1/9 kl 20 Játningar minnisleysingjans, IM PANZER, Postcards from home
 Fö 2/9 kl 20 Crystall, Wake up hate
 Lau 3/9 kl 15 og 17 Videoverk í Regnboganum
 Su 4/9 kl 14 Heima er best - **Barnsýning kr. 800**
 Kl 20 Who is the horse, Love story
Almennt miðaverð kr 2000 - Passi á allar sýningar kr 4000

ENDURNÝJUN ÁSKRIFTARKORTA HAFIN!
 Sala nýrra áskriftarkorta hefst laugardaginn 3. september - Það borgar sig að vera áskrifandi -

Miðasalan er opin: Mánud. og þriðjud.:10:00-18:00, mið-, fim- og föstudaga: 10:00-20:00, laugar- og sunnudaga: 12:00-20:00
 Miðasölusími 568 8000 - miðasala á netinu: www.borgarleikhusid.is



Morgunblaðið/Eggert

„Með þessu verki hefur Rúrí tekist að byggja upp, tekist að miðla sannfæringu sinni á afgerandi hátt með skynsemi hreinnar tilfinningalegrar upplifunar,“ segir Þóra Þórisdóttir meðal annars í umsögn sinni.

Stórbrotinn, innblásinn og sannfærandi

MYNDLIST

Kirkjulistarhátíð
 Rúrí
 Gjörningurinn „Röddun“
Hallgrímskirkju laugardaginn 27. ágúst.
 RÚRÍ, borgarlistamaður Reykjavíkur og myndlistarmaður Kirkjulistarhátíðar í Hallgrímskirkju 2005, er í hópi okkar merkustu myndlistarmanna á síðustu áratugum, en verk hennar skara mörg svið samtímalistarinnar og miðla oftast skýrri sýn hennar á félagslegan og pólitískan veruleika í víðu tilvistarlegu samhengi. Meðal þekktustu verka Rúríar á Íslandi eru útilistarverk eins og Regnboginn við Keflavíkurflugvöll og vatnsverkið Fyssa í Grasagarðinum í Reykjavík, áhrifamiklar innsetningar á borð við Glerregn og PARADÍS? – hvenær? sem sýndar voru á Kjarvalsstöðum og ekki síst verk hennar Archive – endangered waters, framlag Íslands til Fenevjartvíæringisins fyrir tveimur árum. Rúrí var einn af frumkvöðlum gjörningalista á Íslandi og einn frægasti gjörningur hennar var þegar hún réðst á gullinn bíl í Austurstræti 1974 og braut hann niður með sleggju. Margir sáu líkindi með þessum gjörningi og þeim sem Móse framdi í eyðimörkinni á biblíulegum tíma þegar hann braut niður gullkálfinn. Rúrí hefur oft fundið myndlist sinni farveg í trúarlegu samhengi þar sem hin trúarlegu eða tilfinningalegu rök skipa æðra sæti en köld skynsemishyggja. Verk hennar á Kirkjulistarhátíð í Hallgrímskirkju sækir innblástur í fjallræðuna og er gert sérstaklega fyrir

hátíðina og það rými sem hýsir það. Verkið felst í innsetningu í forkirkju sem ber yfirskriftina Salt jarðar og ljós heimsins og innsetningu í kirkjuskípi sem náði hápunkti í gjörningnum Röddun. Verkið er því einkonar samruni spunagjörnings og margmiðunarinnsetningar, með flytjendur voru Hörður Áskelsson organisti Hallgrímskirkju, Tjörvi Jóhannsson og Guðmundur Vignir Karlsson.

Í anddyri kirkjunnar gefur að líta skúlptúrverk sem samanstanda af salti á gólfi og í ferköntuðum plexiglerstöplum. Ofan á öðru verkinu eru staðsettir lóðréttir kristallar sem lýsast upp af innbyggðu ljósi. Inni í kirkjuskípinu hanga stórir hvítir dúkar og saman leiða þessi verk hugann að nokkrum hreinustu táknumyndum kristinnar trúar; salti jarðar sem má ekki dofna og ljósi heimsins sem ekki skyldi sett undir mæliker. Þessi hljóða, fallega og að því er virðist átakalaus innsetning skírskotar einnig til hreinleika hinnar nýju Jerúsalem í mynd gegnsæss gulls, hreinleika brúðarklæðisins eða hins hvíta líns réttlætis. Þegar gestir höfðu komið sér fyrir í kirkjuskípinu slökkuðu ljósin og gjörningurinn hófst með nokkuð dramatískum hætti. Myndbandsupptöku af beljandi fossum með tilheyrandi hljóðum var varpað á næfur þunn klæðin sem hanga hvert fyrir framann annað og hleypta myndinni í gegn um sig ásamt ákõfu orgelspili. Fyrstu áhrif minntu á kunnuglega leikræna sviðsetningu ákveðinna kvikmynda sem nýta sér upphafna, ofsafengna orgeltónlist í bland við beljandi rigningu og eldingar. Þessi

samlíking varaði þó aðeins fyrstu tvær mínúturnar enda breyttust áherslurnar á gjörningnum, mynd og hljóð urðu að öflugum, ofsafengnum, tímalausu flæði og upplifunin nálgadist hina sérkennilegu „sublime“ tilfinningu sem maður finnur fyrir frammi fyrir stórbrotnum náttúruöflum. Táknmyndin skaraði mörg svið og mátti upplifa hugmynd um kröftuga úthellingu heilags anda, hreinsun klæðanna, læki lifandi vatns í margföldum styrkleika streyma í gegn um skynjun áhorfandans. Hið risastóra kirkjuskíp virkjaðist á áhrifaríkum hátt þar sem sjónarspilið og hljóðverkið hafði áhrif á allt rýmið, það mátti sjá veggina gráta og ofsinn í vatnsflaumnum leiddi hugann að nóaflóðinu, reiði Guðs en líka ljósbroti regnbogans sem glitti í öðru hverju. Þegar gjörningnum lauk og agndofa gestir komu til veruleikans á ný þá má segja að veruleikinn hafi breyst. Hin hvíta fallegu saltverk í fordyrinu vísa einnig í söguna um saltstölpann, afstæði sjónarhornsins verður augljósara og sjóndeildarhringurinn víkkar hvort heldur sem um er að ræða trúarlegan veruleika, hugmyndir um guð eða náttúru, eða hvernig megi nálgast tiltekinn sannleika. Rúrí hefur unnið á forsendum afbyggingar í takt við heimspekilega sýn samtímans gegn ægivaldi taumlausrar frjálshyggju og tæknivaldi. Með þessu verki hefur henni tekist að byggja upp, tekist að miðla sannfæringu sinni á afgerandi hátt með skynsemi hreinnar tilfinningalegrar upplifunar.

Þóra Þórisdóttir

NÁNARI DAGSKRÁ: WWW.DANCEFESTIVAL.IS

REYKJAVÍK DANCE FESTIVAL

NÚTÍMADANSHÁTÍÐ 2005

1.-4. SEPTEMBER

MIÐAVERÐ: 2000 KR. PASSI Á ALLAR SÝNINGAR HÁTÍÐARINNAR: 4000 KR.

Í BORGARLEIKHÚSINU OG REGNBOGANUM

:: 8 sviðsverk :: 2 vídeóverk :: Listamenn frá 6 löndum

FIMMTUDAGUR 1. SEPT. ÞRÍU DANSVERK KL. 20.00

Jóhann Freyr Björgvinsson: **JÁTNINGAR MINNISLEYSINGJANS**

Fred Gehrig: **IM PANZER**

Cameron Corbett: **POSTCARDS FROM HOME**



BORGARLEIKHÚSIÐ